



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/1169*

*komudagur. 20.2.2003*

Félagsmálanefnd Alþingis  
b.t. Helgu E. Þórisdóttur nefndarritara  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Seltjarnarnesi 17. febrúar 2003  
SG/gh

### **Varðar tillögu til þingsályktunar um könnun á umfangi fátæktar**


Visað er í bréf félagsmálanefndar frá 12. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Landlæknisembættisins um ofanefnda þingsályktunartillögu.

Landlæknisembættið fagnar tillögunni og telur hana tímabæra. Full ástæða er til að kanna fátækt, umfang hennar og afleiðingar hér á landi. Ástæða er þó til að leggja áherslu á að fátækt sé skilgreind þannig að unnt sé að meta niðurstöður héðan við tölur frá öðrum þjóðum. Alþjóðleg skilgreining á fátæktarmörkum eru tekjur undir því sem nemur 4 Bandaríkjadöllum á dag, sem betur fer býr enginn við slíkar aðstæður hér á landi. Á vesturlöndum er fremur beitt skilgreiningunni hlutfallsleg fátækt og er þar miðað við minna en 50% af miðgildi tekna. Í nálægum löndum, þ.á.m. Norðurlöndum, býr frá 5.2% (Belgía, Finnland) til 13.4% (Stóra-Bretland) við hlutfallslega fátækt. Um 7.2% Dana, 6.9% Norðmanna og 6.6% Svía búa við hlutfallslega fátækt. Sambærilegri tölu hefur Landlæknisembættið ekki tekist að afla sér frá Íslandi. Einnig er rétt að horft sé til misvægis tekna (GINI Index) en það tekur til dreifingar tekna í samfélaginu og er tekjudreifing því meiri sem talan er hærrí. Á Íslandi er GINI Index 28.5, 24.7 í Danmörku, 25.0 í Svíþjóð en 35.1 á Stóra-Bretlandi svo dæmi séu nefnd.

Í greinargerðinni með frumvarpinu eru raktar ýmsar mjög óæskilegar afleiðingar fátæktar og réttilega vitnað til athyglisverðra athugana Hörpu Njáls, félagsfræðings. Áhrif fátæktar á heilsufar eru ennfremur alvarlegar og slíkar upplýsingar eru til frá Norðurlöndunum, þ.á.m. Íslandi. Matthías Halldórsson, aðstoðarlandlæknir (Eur J Publ Health 2000;10:281-8) hefur ásamt samstarfsmönnum kannað áhrif ýmissa samfélagsþátta á heilbrigði barna og horft þar bæði til menntunar, atvinnu og tekna foreldra. Börn foreldra í “lægstu” stigum þessara samfélagsþátta eru marktækt líklegri til að vera með ýmis konar almenn sjúkdómseinkenni (hósta, kvef, niðurgang o.fl.), ýmsa langvinna sjúkdóma og ná lægri líkamshæð en börn foreldra sem öðru vísi er komið á fyrir.

Því skiptir miklu máli að í landi sem telst til ríkustu þjóða veraldar að þessi mál séu könnuð nánar og um leið sé leitað leiða til úrbóta. Þær hljóta að snúast um þrennt, styrkingu velferðarkerfisins í þágu þeirra sem búa við hlutfallslega fátækt, en efling menntunar og atvinnutækifæra skiptir að sjálfsögðu ekki síður máli þegar til lengri tíma er litið.

Virðingarfyllst,



Sigurður Guðmundsson  
landlæknir